


## ✉ Re: 2103119 -

Búið til	3.5.2021 15:31:44
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	3.5.2021 15:31:43
Tilheyrir	 202104-0021 - Aðalskipulagsbreyting fyrir Ráðagerði, Rangárþing eystra

### Efni

Re: 2103119 -

### Upplýsingar

Sent	3.5.2021 15:31:43	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	ulfar@hvolsvollur.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202104-0021 (LÁ)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing eystra, dags. 13. apríl 2021, þar sem óskað er eftir athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands á skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna Ráðagerði, Rangárþing eystra.

Í skipulagslýsingu stendur: „Í gildandi aðalskipulagi er svæðið frístundabyggð F-368. Fyrirhugað er að heimila efnistöku- og efnislosunarsvæði svæðinu, m.a. til framkvæmda innan frístundabyggðarinnar.

Í gildi er deiliskipulag af svæðinu og er þar sýnt aflagt malarnám Vegagerðarinnar. Þar kemur fram að til standi að breyta gömlum malarnámum og búa til eina samfellda tjörn. Deiliskipulagið verður í samræmi við aðalskipulagsbreytinguna og því ekki þörf á að gera breytingar á því.“.

Svæðið er núþegar raskað vegna efnistöku, en raskið verður umfangsmeira. Svæðið er á núgildandi aðalskipulagi sem frístundabyggð og fyrirhuguð efnistaka er m.a. liður í því að útbúa manngerða tjörn innan hennar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og bendir á eftirfarandi:

- Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 719 Tjarnir og Tjarnanes en mikilvægi þess er: Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp

(<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>  
(<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>)).

- Svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandi, Suðurlandsundirlendið, sem nær frá Markarfljóti vestur að Helligheiði (<https://www.ni.is/node/16184> (<https://www.ni.is/node/16184>)).
- Framkvæmdasvæðið er innan hverfisverndarsvæðis
- Svæðið er á skilgreindu hamfarahlaupssvæði

Náttúrufræðistofnun telur að sveitarfélagið þurfi að setja skilyrði varðandi efnistöku- og efnislosun á framkvæmdarsvæðinu til að vernda og lágmarka umhverfisáhrif á nærliggjandi svæði sem eru á náttúruminjaskrá, eru skráð sem mikilvæg fuglasvæði og njóta hverfisverndar. Skoða þarf vel hvaða efnislosun verður leyfð innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulagslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is/) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Guðmundur Úlfar Gíslason" <ulfar@hvolsvollur.is>  
**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>

**CC:**

**Subject:** 2103119 -

**Date:** 13.4.2021 08:45:58

Sæl verið þið

Í viðhengi er skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar fyrir Ráðagerði, Rangárþingi eystra. Vinsamlegast skilið inn athugasemdum fyrir 3. maí nk.

Kveðja,

Guðmundur Úlfar Gíslason

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

ulfar@hvolsvollur.is (mailto:ulfar@hvolsvollur.is)



Rangárþing eystra

Sími: 354 4884200    hvolsvollur@hvolsvollur.is  
(mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is)

Austurvegi 4            &nbsp; kt.470602-2440

860 Hvolsvöllur        www.hvolsvollur.is  
(http://www.hvolsvollur.is/)

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr (<http://47.gr/>). laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

## Viðhengi

image002.jpg (2 KB)

image001.png (5 KB)